

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 8. nóvember 2023

Mál nr. K-3162/2023:

## Anti Defamation-League

(Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður)

gegn

1984 ehf.

(Ólafur Örn Svansson lögmaður)

## Úrskurður

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. október 2023, barst héraðsdómi með kröfu, dags. 10. maí sama ár, sem móttækin var samdægurs, um úrlausn héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um synjun lögbannsgerðar.

Gerðarbeiðandi, hér eftir sóknaraðili, er samtök sem kalla sig Anti Defamation-League, [...], New York, NY [...], Bandaríkjunum.

Gerðarþoli, hér eftir varnaraðili, er 1984 ehf., [...], Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 3. maí 2023, um að hafna beiðni sóknaraðila frá 26. apríl 2023 um lögbann á hendur varnaraðila samkvæmt lögbannsbeiðni nr. 2023-260291, og að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem [www](http://www). er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni. Jafnframt að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem [www](http://www). er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birt. Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að framangreind ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar.

## I

### Málsatvik

Sóknaraðili kveðst vera frjáls og óhagnaðardrífín félagasamtök sem stofnuð voru árið 1913. Samtökin reki fjölmargar skrifstofur í Bandaríkjunum og í Evrópu en séu með lögheimili

í Bandaríkjunum. Kveður sóknaraðili að tilgangur samtakanna hafi frá upphafi verið sá að berjast gegn ærumeiðingum í garð gyðinga og að tryggja réttlæti og sanngjarna meðferð allra. Í dag hafi samtökin þá yfirlýstu stefnu að berjast gegn gyðingahatri (e. antisemitism) og hvers kyns kynþáttahatri og hatursorðræðu hvar sem hún birtist.

Varnaraðili, sem er fyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði vefhýsingar, hefur síðan í júní 2022 hýst vefsíðuna [www.mapliberation.org](http://www.mapliberation.org). Á þeirri vefsíðu er fjallað um „The mapping project“ eða „Kortlagningaráætlunin[a]“, eins og það er þýtt í þýðingu sem sóknaraðili lagði fram. Ekki liggur fyrir hverjir standa að baki vefsíðunni en þar kemur fram að þeir sem standi að áætluninni séu „fjölkynþátta hópur aðgerðasinna og skipuleggjenda á svæði í Massachusetts, Pawtucket, Naumkeag og annarra ættflokka (Boston, Cambridge og umhverfi), sem vilja skapa dýpri skilning og stuðning í héraði á nýlendum Palestínu [...]“. Þá kemur þar meðal annars fram að gagnvirkt kort á síðunni sýni „hvernig stofnanastuðningur við nýlendustefnu Palestínu er skipulagslega tengdur löggæslu og kerfisbundnum yfirráðum hvíttra manna á því svæði þar sem við búum og við bandarísk heimsvaldaverkefni í öðrum löndum“. Fram kemur að á hinu gagnvirka korti sé unnt að skoða 497 félög („entities“) og að þar sé að finna 1.367 hlekki. Þá segir m.a. á vefsíðunni, í hinni íslensku þýðingu:

„Markmið okkar með þessari heildarkortlagningu var að varpa ljósi á niðurbrotsfélög og samtök til þess að gera okkur kleift að uppræta þau. Sérhvert félag hefur heimilisfang – unnt er að uppræta öll samtök.“ Rétt er að setja hér einnig fram textann á frummálinu þar sem þýðing síðasta hluta málgreinarinnar virðist ekki svo nákvæm sem skyldi: „Our goal in pursuing this collective mapping was to reveal the local entities and networks that enact devastation, so we can dismantle them. Every entity has an address, every network can be disrupted.“

Neðar á vefsíðunni er fjallað um sóknaraðila undir yfirskriftinni „Uppræta ADL: Gagnaðgerðir gegn uppreisn rasista og njósni“ („Dismantle the ADL: The Anti-Defamation League’s record of racist counterinsurgency and espionage“). Segir þar, í hinni íslensku þýðingu:

„ADL félagar dulbúast undir regnhlíf „almannaréttar“ en ADL eru í raun njósnasamtök sem hafa það að markmiði að vernda gagnkvæma hagsmuni bandarískra og ísraelskra stjórnvalda, og eyða einingu á meðal kúgaðs fólks, sérstaklega varðandi Palestínu. ADL njósnar um og glæpavæðir aðgerðarsinna (notfærir sér tengsl við stjórnvöld, lögreglu, skóla og viðskiptafélög) á sama tíma og ADL grefur undan starfsemi þeirra með því að halda á lofti eigin, skilyrtum áróðri sínum um „styðjum Ísrael“. Á sama tíma og ADL þykist styðja gyðinga og að það berjast gegn „gyðingahatri“ fyrir þeirra hönd, hafa samtökin stutt við ofbeldi gegn gyðingum og nasista. Ekki er unnt að gera úrbætur á ADL, heldur verður að uppræta samtökin og nota hvern eyri úr vösum þeirra til að laga það tjón sem þau hafa valdið.“

Þá er fjallað um sóknaraðila á undirsíðu vefsíðunnar sem ber yfirskriftina „Zionism, Policing and Empire: A Dispatch from the Mapping Project“ og hefur sóknaraðili látið þýða eina málsgrein í kafla neðst á þeirri síðu sem ber yfirskriftina: „Röskun netkerfis“ („Disrupting the Network“):

„Við höfum sýnt raunveruleg heimilisföng, nöfn fulltrúa og forystumanna, og kortlögð tengsl. Þessi félög eru raunverulega til og unnt er að raska þeim. Við vonum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig sé unnt að bregðast við með áhrifaríkum hætti.“

Á undirsíðu vefsíðunnar er að finna gagnvirkt kort þar sem m.a. má skoða tengsl sóknaraðila við lögregluþyriföld, háskóla og hagsmunasamtök sem hvorki eru hagnaðardrífín né undir áhrifum stjórnvalda („NGO's“).

Með lögbannsbeiðni, sem beint var til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. apríl 2023, krafðist sóknaraðili þess að lagt yrði lögbann við hýsingu varnaraðila á umræddri vefsíðu, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt væru á vefsíðunni, sem og við því að varnaraðili veitti aðgang að vefsíðunni og dreifði gögnum, efni og upplýsingum sem birt væru á vefsíðunni, allt í samræmi við kröfugerð sóknaraðila sem fyrr var lýst. Málið var tekið fyrir hjá sýslumanni 3. maí s.á. þar sem varnaraðili mótmælti beiðninni. Eftir að báðum aðilum hafði gefist kostur á að tjá sig um sín sjónarmið ákvað sýslumaður samdægurs að synja beiðninni, með vísan til þess að gerðarbeiðandi hefði ekki gert sennilegt að skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. teldust uppfyllt. Vísaði sýslumaður í því efni til þess að ekki yrði betur séð en að efni vefsíðunnar sem krafan beindist að væri „innan marka tjáningarfrelsis“ og að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur tryggðu hagsmunum gerðarbeiðanda nægilega.

Aðila málsins greinir í meginatriðum á um hvort efni vefsíðunnar feli í sér hatursorðræðu og brot gegn friðhelgi einkalífs eða hvort um sé að ræða heimila tjáningu sem varin sé af stjórnarskrá og ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Sóknaraðili kveður efni vefsíðunnar valda verulegum áhyggjum, ekki aðeins samtökunum og stjórnendum þeirra heldur og öðrum þeim sem tilgreindir séu á vefsíðunni og raunar öllu samfélagi gyðinga á Boston-svæðinu.

Í greinargerð varnaraðila er farið ítarlega yfir efni vefsíðunnar í heild sinni og kveður varnaraðili það nauðsynlegt samhengisins vegna, en ekki eru efni til að rekja það allt hér. Samantekið kveður varnaraðili að vefsíðunni virðist fyrst og fremst ætlað að útskýra það hvernig unnið sé með skipulögðum hætti gegn tilteknum hópum til að stjórna umræðunni og til að gæta hagsmuna tiltekinna ríkja á kostnað annarra. Þjónustuþegi virðist telja sig þurfa að útskýra um hvaða aðila sé að ræða og hvernig þeir tengjast. Þær upplýsingar séu nauðsynlegar almenningi.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu dr. Sharon Nazarian, stjórnarmaður í landsstjórn sóknaraðila, og kvaðst hún hafa umboð til þess að koma fram í málinu fyrir hönd samtakanna. Verður því litið svo á að hún hafi gefið aðilaskýrslu sem fyrirvarsmaður sóknaraðila.

## II

### *Málsástæður sóknaraðila*

Í greinargerð sóknaraðila er lýsing annarra atvika fléttað saman við lýsingu málsástæðna en helstu málsástæður og lagarök hans eru eftirfarandi.

Sóknaraðili byggir á því að uppfyllt séu öll skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., fyrir því að leggja á umkrafið lögbann. Við blasi að efni vefsíðunnar rúmist ekki innan marka tjáningarfrelsis eins og sýslumaður haldi fram. Augljóst sé að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org> beri einkenni hatursorðræðu, kynþátta- og gyðingahaturs. Tilgangurinn með henni sé augljóslega sá að jaðarsetja skilgreindan hóp fólks og hvetja til aðgerða gegn því út frá kynþætti þess, trúarskoðunum og uppruna þar sem alið sé á og kynt undir kynþátta- og gyðingahatri. Efni vefsíðunnar verði ekki túlkað með öðrum hætti en sem beinar hótanir eða hvatningar til brota gegn réttindum annarra, sem sóknaraðili túlki sem hvatningu til refsiverðrar háttsemi, s.s. ofbeldis- og/eða skemmdaverka, gagnvart þeim sem tilheyra samfélagi gyðinga í borginni og nágrenni hennar. Að öðrum kosti væru nöfn og heimilisföng þeirra sem nefndir eru á síðunni ekki sérstaklega tilgreind þar og ætluð tengsl þeirra kortlögð með skipulegum hætti. Með slíkri nafnbirtingu og upplýsingum um heimilisföng og starfsstöðvar sé sóknaraðili, líkt og aðrir þeir sem tilgreindir eru á síðunni, augljóslega gerður að beinu skotmarki þeirra aðgerða sem hvatt er til á vefsíðunni.

Þegar af þessum ástæðum blasi við að efni vefsíðunnar geti ekki talist framlag til almennrar stjórn mála- eða þjóðmálaumræðu af einhverju tagi eða að það sé innan þeirra marka sem sóknaraðila beri að þola í opinberri umræðu í lýðræðissamfélagi eins og varnaraðili heldur fram. Byggir sóknaraðili á að efni vefsíðunnar eigi ekkert skylt við þess háttar umræðu.

Sóknaraðili mótmælir alfarið staðhæfingum varnaraðila þess efnis að í kröfugerð sóknaraðila felist þöggunartilburðir.

Sóknaraðili byggir á því að þótt tjáningarfrelsi manna njóti verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sé sú vernd ekki ótakmörkuð. Hún takmarkist m.a. af þeirri vernd sem friðhelgi einkalífs sóknaraðila, og annarra sem nafngreindir eru á vefsíðunni, er veitt samkvæmt ákvæðum 71. gr. sömu stjórnarskrár og samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt framangreindum tjáningarfrelsisákvæðum sé heimilt að setja tjáningarfrelsinu skorður, s.s. vegna allsherjarreglu,

í því skyni að firra glundroða og glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum annarra, líkt og mælt er fyrir um í framangreindum tjáningarfrelsisákvæðum. Öllum skilyrðum fyrir því að beita slíkum takmörkunum með þeim hætti sem krafist er af hálfu sóknaraðila í máli þessu er fullnægt.

Tjáningarfrelsisákvæðum stjórnarskrár og mannréttinasáttmála sé ekki ætlað að tryggja rétt manna, sem í þessu tilviki hefur ekki verið upplýst hverjir eru, til að hafa opinberlega í hótunum við eða hvetja til brota gegn réttindum annarra, þ. á m. til refsiverðrar háttsemi gagnvart hópum fólks eða samfélögum sem skilgreind eru út frá kynþætti þeirra, trúarskoðunum eða uppruna, líkt og augljóslega sé gert á umræddri vefsíðu. Gildir þar einu hvort slíkar hvatningar eða hótanir séu settar fram með beinum eða óbeinum hætti.

Sömu tjáningarfrelsisákvæðum sé heldur ekki ætlað að vernda réttindi manna til að hýsa, dreifa eða veita aðgang að slíku efni á þann hátt sem varnaraðili geri. Þvert á móti brjóti slík tjáning, hýsing hennar og dreifing þvert gegn réttindum þeirra sem tjáningin beinist gegn, en þau réttindi njóta einnig verndar samkvæmt framangreindum stjórnarskrár- og mannréttinasákvæðum.

Efni vefsíðunnar sé ekki einungis ógnandi gagnvart sóknaraðila, heldur vegi það einnig að æru hans og starfsmanna samtakanna. Að auki séu þar birtar grófar rangfærslur um sóknaraðila og starfsemi hans, gagngert í því skyni að jaðarsetja hann og til að fá lesendur síðunnar upp á móti sóknaraðila og til að grípa gegn aðgerða gegn honum. Sé höfðað til lægstu hvata í því skyni.

Sóknaraðili byggir á því að efni vefsíðunnar beri öll merki hatursorðræðu, enda sé þar gert út á kynþátta- og gyðingahatur. Slík orðræða njóti hvorki verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar né 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu og rúmist því ekki innan marka þess tjáningarfrelsis sem framangreindum réttarreglum er ætlað að vernda. Byggir sóknaraðili í því að efni vefsíðunnar brjóti gróflega í bága við friðhelgi einkalífs hans, og annarra sem síðunni er beint gegn, sem varið sé samkvæmt 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.

Þótt ekki liggi fyrir formleg skilgreining á hugtakinu „hatursorðræða“ að þjóðarétti eða landsrétti ríkja sem njóti alþjóðlegrar viðurkenningar megi af ýmsum lagaákvæðum og þjóðréttargerðum finna skilgreiningar á hugtakinu og efnislegu inntaki þess.

Í því sambandi telur sóknaraðili rétt að horft sé til ákvæðis 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og bendir á að af dómaframkvæmd leiði að stök ummæli sem undir ákvæðið falla séu talin nægja til þess að ákvæðið sé talið eiga við.

Þjóðréttargerðir veiti einnig vísbendingar um hverjir teljist meginþættir í inntaki hugtaksins á alþjóðlegum vettvangi og samkvæmt íslenskum rétti.

Þannig vísi 2. mgr. 20. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnfélaleg réttindi frá 16. desember 1966, sbr. lög nr. 10/1979, til haturs vegna þjóðernis, kynþáttar eða trúarbragða, sem og tjáningar sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi.

Í 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965, sbr. lög nr. 14/1968, sé vísað til áróðurs sem byggir á hugmyndum eða kenningum um yfirburði tiltekinna kynþátta, eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reynir að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd.

Samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997 vísi til tjáningar sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, sem birtist m.a. í óvæginni þjóðernishyggju, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna.

Þá vísar sóknaraðili til samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 og viðbótarbókunar við samninginn frá 28. janúar 2003. Í viðbótarbókuninni er vísað til framsetningar hugmynda og kenninga sem mæla með, stuðla að eða kynda undir hatri, mismunun eða ofbeldi sem er beint gegn hvaða einstaklingi eða hópi einstaklinga sem á rót sína að rekja til kynþáttar, litarháttar, ætternis eða þjóðlegs eða þjóðernislegs uppruna og til trúarbragða.

Ákvæði fjölmiðlalaga nr. 38/2011 geymi einnig mikilvægar meginreglur á þessu réttarsviði. Þannig sé óheimilt, samkvæmt 27. gr. laganna, að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu. Í skýringum í greinargerð við ákvæðið sé hugtakið skilgreint sem tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkoma sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi.

Til frekari afmörkunar bendir sóknaraðili á að hugtakið hatursorðræða hafi á alþjóðavettvangi verið gróflega greint niður í fjögur mismunandi þrep þar sem stuðst hefur verið við það sem nefnt hefur verið „The Hate Speech Pyramid“.

Byggir sóknaraðili á því að samkvæmt þeim mælikvörðum sem þar séu lagðir til grundvallar sé ljóst að efni umræddrar vefsíðu teljist vera hatursorðræða, s.s. í skilningi 233. gr. a almennra hegningarlaga og annarra réttarheimilda sem vísað hafi verið til hér að framan.

Að öllu framangreindu virtu byggir sóknaraðili á því að hann hafi sannað, a.m.k. gert sennilegt í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org> teljist hatursorðræða í framangreindum skilningi, enda sé á vefsíðunni beinlínis gert út á gyðingahatur, í besta falli fordóma og andúð gagnvart gyðingum. Efni hennar brjóti augljóslega gegn

réttindum sóknaraðila og annarra sem á henni eru nafngreindir, þ. á m. friðhelgi þeirra til einkalífs. Því rúmist efni vefsíðunnar ekki með nokkrum hætti innan marka tjáningarfrelsis sem njóti verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.

Þegar af framangreindum ástæðum sé ákvörðun sýslumanns um að synja lögbannsbeiðni sóknaraðila röng. Hana beri að fella úr gildi og leggja fyrir sýslumann að leggja á það lögbann sem sóknaraðili hefur gert kröfu um.

Sóknaraðili tekur fram að hann hafi leitað aðstoðar stjórnvalda bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi með það fyrir augum að fá vefsíðunni lokað af framangreindum ástæðum en þær tilraunir hafi fram til þessa ekki skilað árangri. Í þeim samskiptum hafi m.a. komið fram að lögreglan á Íslandi telji sig þurfa dómsúrskurð til þess að henni teljist heimilt að grípa til aðgerða gagnvart varnaraðila.

Óumdeilt sé að varnaraðili hýsi umrædda vefsíðu og hafi íslenskir dómstólar því lögsögu í málinu. Gildi einu þótt efni vefsíðunnar sé beint að einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum utan íslenskrar lögsögu, þ.e. í Bandaríkjunum.

Sóknaraðili sé einn þeirra aðila sem nefndur er sérstaklega á vefsíðunni og efni hennar og birting þess beinist gegn. Séu raunar allir 25 stjórnarmenn í landsstjórn sóknaraðila nafngreindir á síðunni ásamt tugum einstaklinga sem starfi fyrir sóknaraðila í Bandaríkjunum. Víða á vefsíðunni sé að finna einkar gildishlaðna, ranga og ósanna umfjöllun um starfsemi sóknaraðila. Nægi í því sambandi að nefna staðhæfingar um að gerðarbeiðandi hafi með höndum njósna-starfsemi, s.s. gagnvart tilteknum aðgerðasinum, en auk þess hafi sóknaraðili, sem segist standa vörð um réttindi gyðinga og annarra jaðarsettra hópa, stutt ofbeldi gegn þeim og jafnvel haldið hlífiskildi yfir nasistum. Tilgangur þeirrar umfjöllunar sé augljóslega sá að ala á hatri eða óvild í garð sóknaraðila og hvetja lesendur síðunnar til aðgerða, jafnvel ofbeldis gagnvart honum, þeim einstaklingum sem tengjast eða starfa fyrir sóknaraðila, eða gegn samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni og þeim einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem nafngreind eru á vefsíðunni og tengd saman með þeim hætti sem þar megi sjá. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni í máli þessu í skilningi 24. gr. laga nr. 31/1990 og samkvæmt meginreglum réttarfars, enda brjóti vefsíðan, hýsing hennar og dreifing þess efnis sem á henni er með skýlausum hætti gegn lögvörðum réttindum hans, s.s. í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þess utan teljist efni vefsíðunnar hatursorðræða og gyðingahatur í framangreindum skilningi. Efni hennar sem slíkt sé því í andstöðu við ákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dreifing þess auk þess refsiverð samkvæmt ákvæðinu.

Sóknaraðili bendir á að íslenskir dómstólar hafi í dómsúrlausnum sínum fallist á að aðgangur að vefsíðum skuli hindraður teljist efni þeirra eða virkni brjóta gegn lögvrörðum réttindum manna og vísar í því sambandi til dóma Hæstaréttar í málum nr. 214/2009, nr. 25/2017 og nr. 33/2017.

Brot gegn lögvrörðum hagsmunum og réttindum sóknaraðila hafi átt sér stað um nokkra hríð. Sé ekki fyrir séð að nokkurt lát verði á þeim brotum að óbreyttu. Háttsemin hafi hafist þegar aðstandendur vefsíðunnar sömdu við varnaraðila um hýsingu hennar hinn 18. júní 2022 og vefsíðan fór í kjölfarið í loftið. Varnaraðili hýsi hana enn og leggi með því sitt af mörkum til að veita lesendum aðgang að því efni sem þar birtist. Því sé um athöfn að ræða, sem þegar sé hafin, sbr. áskilnað 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Engu skipti í því sambandi þótt hýsingin hafi staðið yfir í töluverðan tíma. Hún sé ekki yfirstaðin, heldur viðvarandi, verði ekkert að gert.

Sóknaraðili mótmælir því að krafa hans sé of viðurhlutamikil og gangi of langt, þvert á móti verði ekki gengið skemmra. Það leiði af eðli síðunnar, hönnun hennar, efni og þeim tilgangi sem búi henni að baki að lögbann verði ekki lagt við hýsingu á eða aðgangi að hluta hennar. Í því sambandi beri að líta til þess að vefsíðan feli í sér, eins og heiti hennar gefur til kynna, kortlagningu þeirra einstaklinga og lögaðila sem aðstandendur hennar eru andsnúnir og vilja grípa til aðgerða gegn. Á henni séu nöfn þeirra birt, heimilisföng þeirra tilgreind og birt tengsl þeirra eins og þau horfa við aðstandendum síðunnar. Það leiði af eðli máls að annað hvort verði slík kortlagning á netinu, í þeim tilgangi sem að framan er lýst, bönnuð eða ekki.

Að sama skapi sé sóknaraðila nauðsynlegt að krefjast lögbanns við hýsingu vefsíðunnar og við því að aðgangur sé veittur að því efni sem varnaraðili hýsir. Í þessu sambandi megi leggja hýsingu vefsíðunnar og veitingu aðgangs að hinu hýsta efni að jöfnu í þeim skilningi að lesendur hefðu ekki aðgang að vefsíðunni væri það ekki hýst hjá hýsingaraðila, í þessu tilviki varnaraðila. Þegar af þessum ástæðum sé ljóst að sóknaraðila væri ekki kleift að ná fram réttindum sínum nema með þeim hætti sem hann geri með kröfugerð sinni. Þeim réttindum næði hann ekki fram með því að krefjast einungis lögbanns vegna tiltekinna ummæla á síðunni.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi þegar orðið fyrir tjóni fyrir tilstilli varnaraðila, þar sem varnaraðili hýsi vefsíðu sem brjóti gegn lögvrörðum réttindum hans, líkt og að framan greinir. Þá kunni hýsing vefsíðunnar að leiða til frekara tjóns fyrir sóknaraðila og aðra þá sem hún tilgreinir í framtíðinni í ljósi þess efnis, hvatninga og áskorana sem á henni birtast verði ekkert að gert. Ekki sé að sjá að varnaraðili muni breyta háttsemi sinni að óbreyttu. Þá sé ómögulegt að gera sér grein fyrir því hversu mikið tjón muni mögulega hljótask af því í framtíðinni verði aðgangur að vefsíðunni áfram óheftur, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Sóknaraðili byggir á því að tjón gerðarbeiðanda og röskun á hagsmunum hans og réttindum muni ekki fást bætt eftir reglum skaðabótaréttarins eða réttarreglum um refsingu. Þannig liggi ekki fyrir hverjir aðstandendur vefsíðunnar eru. Varnaraðili neiti að upplýsa um það. Sé því óljóst gegn hverjum slíkar kröfur ættu að beinast. Einnig sé óljóst hversu mikið tjón muni hljótaskast eða kunni að hljótaskast af óheftum aðgangi að vefsíðunni, sbr. 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Engar upplýsingar liggi fyrir um hæfi eða getu aðstandenda vefsíðunnar til að greiða sóknaraðila skaðabætur vegna þess tjóns sem hlotist hefur eða hljótaskast kann af rekstri hennar og því efni sem þar er birt, enda ekki vitað með vissu hverjir þeir eru. Þá hafi varnaraðili afsalað sér allri ábyrgð á því efni sem hann hýsir samkvæmt áður nefndum þjónustuskilmálum. Ábyrgðartakmarkanir í lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, s.s. ákvæði V. kafla laganna, leiði til þess reglur skaðabótaréttarins og réttarreglur um refsingu verji ekki réttindi sóknaraðila gagnvart varnaraðila.

Þá byggir sóknaraðili á því að hagsmunir hans af því að lögbann verði lagt við hýsingu síðunnar séu miklum mun meiri en hagsmunir varnaraðila af því að hýsa vefsíðuna áfram og tryggja með henni óheftan aðgang lesenda að því efni sem þar birtist, sbr. 2. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Hýsing vefsíðunnar tryggi aðstandendum hennar einungis nauðsynlega aðstöðu til þess að brjóta gegn lögvörðum réttindum sóknaraðila, en ekki til að stunda aðra háttsemi, enda sé efni vefsíðunnar ætlað að auðvelda lesendum hennar og notendum ólögsmætar athafnir og til að hvetja til beitingar þeirra. Af þeirri ástæðu verði að virða að vettugi þá hagsmuni sem varnaraðili kunni að hafa af því að hýsa vefsíðuna áfram, enda tilgangurinn með því að halda henni úti ólögsmætur eins og efni hennar, líkt og rakið er að framan.

Byggir sóknaraðili á því að hagsmunir aðstandenda vefsíðunnar eða höfundar efnis hennar hafi ekki þýðingu fyrir sakarefni málsins, enda hafi ekki verið upplýst um hverjir þeir séu.

Að lokum byggir sóknaraðili á því að ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um ábyrgðartakmarkanir þjónustuveitanda á borð við varnaraðila, girði ekki á nokkurn hátt fyrir að umkrafið lögbann verði lagt á. Þvert á móti sé beinlínis kveðið á um það í athugasemdum með frumvarpi til laganna, sbr. V. kafla athugasemdana, að ákvæði þeirra hafi ekki áhrif á lögbannsræði aðila.

Að öllu framangreindu virtu byggir sóknaraðili á því að uppfyllt séu öll skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir því að leggja lögbann við háttsemi varnaraðila.

Málkostnaðarkrafan byggir á ákvæðum 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 35. gr. laga nr. 31/1990 og 1. mgr. 91. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

### III

#### *Málsástæður varnaraðila*

Varnaraðili byggir á því að tjáningarfrelsi þjónustuþega hans vegi þyngra en ætlaðir hagsmunir sóknaraðila. Þeim málatilbúnaði að efni vefsíðunnar feli í sér „hatursorðræðu“ eða „gyðingahatur“ sé mótmælt. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi tilkynnt um ætluð brot gegn 233. gr. a almennra hegningarlaga til lögreglu en lögreglan telji ekki ástæðu til viðbragða frekar en lögregla eða stjórnvöld í Bandaríkjunum. Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu að lögregla telji sig þurfa að bíða eftir dómsúrskurði til að geta gripið til aðgerða gagnvart því fyrirtæki sem annast hýsingu vefsíðunnar líkt og byggt er á í greinargerð sóknaraðila.

Varnaraðili vekur sérstaka athygli á því að lénið sé skráð hjá bandaríska fyrirtækinu GoDaddy, sem sé risavaxið á þessum markaði, en niðurstaða nákvæmrar skoðunar þess hafi orðið sú að efni vefsíðunnar færi ekki í bága við reglur félagsins eða lög. Kröfur sóknaraðila virðast þannig hafa siglt í strand hvert sem þeim hafi verið beint. Varnaraðili telji langt seilst með lögbannskröfunni og að málatilbúnaður sóknaraðila endurspegli e.t.v. þær fullyrðingar sem fram komi á vefsíðunni um starfshætti sóknaraðila.

Varnaraðili leggur áherslu á að höfundar efnis á vefsíðunni njóti tjáningarfrelsis samkvæmt alþjóðasáttmálum og 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af dómaframkvæmd sé ljóst að allar takmarkanir til skerðingar á því frelsi verður að skýra þröngt og af nýlegri dómaframkvæmd megi sjá að þróunin sé enn frekar í átt til verndunar tjáningarfrelsinu. Við lestur síðunnar megi sjá að um gríðarlega vandaða og ítarlega umfjöllun er að ræða, þ.m.t. um starfshætti sóknaraðila. Það eitt að umræðan sé óþægileg fyrir varnaraðila þýði ekki að unnt sé loka á hana með lögbanni. Hafa beri í huga að sóknaraðili sé ekki einstaklingur heldur samtök sem hafi beitt sér í áratugi gegn einstaklingum, samtökum, ríkjum og skoðunum manna. Jafnframt hafi þau beitt sér fyrir því að stjórna umræðunni, þ.m.t. með því að annast þjálfun lögreglu og með því að hafa áhrif á námsefni í skólum. Samtök sem vinni með þeim hætti verði að þola harða ádeilu og geti ekki slökkt á slíkri ádeilu með því að veifa hatursorðræðupassanum án raka.

Þá beri til þess að líta að umfjöllun á vefsíðunni sé aðeins samantekt á upplýsingum sem stafi frá sóknaraðila sjálfum, upplýsingum úr dómsmálum, fréttum, greinaskrifum o.fl. Þannig sé engar staðhæfingar að finna á vefsíðunni sem ekki eigi stoð í heimildum eða skrifum annarra. Augljóst megi vera að bann við hýsingu eða aðgangi gangi allt of langt enda mikið magn af upplýsingum á vefsíðunni.

Á því er nánar byggt að kröfur sóknaraðila séu allt of viðurhlutamiklar og feli í sér augljósa skerðingu á tjáningarfrelsinu. Í kröfunni um að lögbann verði lagt við því að varnaraðili „dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á [vefsíðunni] eru birt“ sé í raun fólgið að engin vefsíða

sem hýst er hjá varnaraðila megi birta nokkurt efni sem nú er á umræddri vefsíðu, hvort sem það varði sóknaraðila eða aðra. Í slíkri kröfugerð kristallist að raunverulegur tilgangur með lögbanninu sé að þagga niður umfjöllun um sóknaraðila. Blasi við að gengið sé allt of langt, hvernig sem á málið sé litið.

Bendir varnaraðili á að ekki séu hafðar uppi kröfur um lögbann við tilteknum ummælum, líkt og tíðkist a.m.k. til vara, heldur einfaldlega að vefsíðunni verði lokað. Varnaraðili hafi óskað sérstaklega eftir því að útlistað yrði nákvæmlega hvaða ummæli sóknaraðili teldi til „hatursorðræðu“, jafnframt því sem óskað hafi verið eftir að upplýst yrði til hvaða ætluðu refsiverðu háttsemi sóknaraðili teldi að verið væri að hvetja á vefsíðunni. Beiðninni hafi ekki verið svarað og því hafi ekki verið unnt að koma þeim skilaboðum til þjónustuþega hvaða ætluðu ummæli eigi að fela í sér hatursorðræðu.

Varnaraðili byggir á því að skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 séu ekki uppfyllt. Efni vefsíðunnar geti ekki talist athöfn sem raski lögvörðum rétti sóknaraðila með þeim hætti að lögbanni verði beitt. Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hagsmunir fari forgörðum þótt hann þurfi að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Vefsíðan hafi verið hýst hjá varnaraðila frá 18. júní 2022, eða í meira en eitt ár. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ætlaðir hagsmunir hans réttlæti þá bráðabirgðagerð sem í lögbanni felist.

Þá mótmælir varnaraðili því að hann eigi takmarkaða hagsmuni að verja og bendir á að hann hýsi þúsundir erlendra vefsíðna. Ef unnt yrði að ná fram lögbanni á grundvelli staðhæfinga um að efni feli í sér hatursorðræðu, án þess að nokkur yfirvöld hafi talið ástæðu til viðbragða, gæti það haft í för með sér að fjöldi viðskiptavina teldi ástæðu til að beina viðskiptum sínum annað og frá Íslandi enda þótt hér á landi hafi verið sett löggjöf sem ætlað sé að tryggja rúman rétt til tjáningarfrelsis á netinu. Varnaraðili sé þannig að vernda bæði eigin hagsmuni og hagsmuni viðskiptavina sinna, þ.m.t. þjónustuþega í máli þessu.

Varnaraðili áréttar að í umræddum skrifum sé ekki gengið nær meintu einkalífi sóknaraðila eða annarra umfram það sem þeim beri að þola í opinberri umræðu í lýðræðissamfélagi, auk þess sem á því sé ekki byggt af hálfu sóknaraðila. Fyrir liggi að þjónustuþegi gagnrýni sóknaraðila harðlega og telji samtökin leynt og ljóst vinna gegn hagsmunum m.a. Palestínu og reyndar hagsmunum gyðinga. Þá verði ekki annað ráðið af umfjöllun sem vísað sé til á vefsíðunni en að sóknaraðili hafi það hlutverk að stunda þöggunartilburði, auk þess sem fram komi að samtökin hafi í áratugi stundað njósnið og beiti þeirri aðferð að gera aðgerðasinnnum ranglega upp að vera glæpasamtök ef þeir eru sóknaraðila eða málstað samtakanna ekki þóknanlegir. Á vefsíðunni komi fram að sóknaraðili nýti sér í því sambandi tengsl við hina ýmsu aðila sem einnig séu nefndir á vefsíðunni.

Varnaraðili telur óvarlegt að ætla að fullnægt sé áskilnaði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Við mat á því, þ.m.t. 2. tl. ákvæðisins, verði að horfa einkum til hagsmuna höfunda efnisins og/eða þjónustuþega en ekki varnaraðila. Útilokað sé að mati varnaraðila að horfa aðeins til hagsmuna hans af lögbanninu en ekki eiganda vefsíðunnar eða höfunda efnisins. Ella væri hagsmunum þjónustuþega hýsingaraðila kastað fyrir róða.

Varnaraðili bendir á að hvergi sé að finna umfjöllun um í hverju hið ætlaða tjón sóknaraðila sé falið og hvernig vefsíðan eigi að hafa valdið tjóninu. Það að almenningur sé betur upplýstur geti ekki verið rök fyrir lögbanni. Vefsíðan sé ekki eini staðurinn þar sem fjallað sé um sóknaraðila á gagnrýninn hátt. Vísar varnaraðili í dæmaskyni á nokkurn fjölda tilgreindra vefsíðna sem ekki er þörf á að taka upp hér. Ósannað sé að nokkurt tjón sóknaraðila stafi af umfjöllun á umræddri vefsíðu en ekki vegna annarra vefsíðna, þ.m.t. þeirra sem varnaraðili tilgreinir. Vísað sé til einhvers hugsanlegs tjóns í framtíðinni sem vefsíðan eigi að leiða til, án útskýringa. Þá sé óútskýrt hvaða lögvörðu réttinda sóknaraðili vísi til undir málslið 93 í greinargerð hans, en hafa verði í huga að sóknaraðili fari aðeins með eigin hagsmuni en ekki hagsmuni annarra. Varnaraðila sé í raun ómögulegt að átta sig á því í hverju tjónið eigi að vera fólgið.

Þá beinist stór hluti af því efni sem er að finna á vefsíðunni alls ekki að varnaraðila [sic: sóknaraðila]. Áréttar varnaraðili það sem fyrr var rakið um tilgang vefsíðunnar. Ummæli kunni að vera óviðurkvæmileg, tvíræð og geti gengið langt. Það þýði ekki að skilyrði séu til þess að leggja lögbann við hýsingu síðunnar eða birtingu hennar. Í því fælist augljós ritskoðun. Ef lögbann yrði lagt við hýsingu síðunnar væri það jafnframt þvert gegn ummælum í almennum athugasemdum með frumvarpi um breytingu á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002 (149. löggjafarþing 2018–2019, þingskjal 810 — 494. mál) þar sem segi orðrétt: „Með frumvarpinu er stefnt að rýmkun tjáningarfrelsis, sem næst með því að draga úr ábyrgð hýsingaraðila og skyldu þeirra til að fjarlægja gögn, en hætta er á að slík ábyrgð og skylda valdi kælingaráhrifum fyrir tjáningarfrelsi.“

Varnaraðili mótmælir því að ummæli á vefsíðunni feli í sér hvatningu um ofbeldi og ítrekar að hann hafi skorað á sóknaraðila að upplýsa nákvæmlega hvaða ummæli hann telji brjóta gegn lögum. Í greinargerð sóknaraðila undir málslið 20 og í lögbannsbeiðninni til sýslumanns undir málslið 19 sé vísað til þess að á vefsíðunni sé hvatt til aðgerða gegn tilteknum aðilum og sérstaklega í því sambandi vísað til orðanna „dismantled“ og „disturbed“. Megi ætla að þetta séu orðin sem sóknaraðili telji réttlæta að lagt verði lögbann við hýsingu vefsíðunnar og hún þannig lokuð fyrir almenningi. Sóknaraðili kjósi að þýða orðið „dismantled“ sem „uppræta“. Varnaraðili telji þetta ranga þýðingu þar sem orðið vísi til þess að taka í sundur, t.d. að fyrirtæki verði leyst upp. Hér geti ekki ráðið úrslitum hvaða skilning sóknaraðili kjósi að leggja í þessi ummæli. Hvort

sem notast sé við þýðinguna „uppræta“ eða „leysa upp“ sé hér á engan hátt um að ræða hvatningu til ofbeldis eða hatursorðræðu. Sama eigi við um orðið „disturbed“ sem feli einfaldlega í sér að starfsemin sé trufluð. Hvorug háttsemin feli í sér brot gegn hegningarlögum.

Undir málslið 25 í greinargerð sóknaraðila séu tilgreind önnur ummæli sem samtökin telji réttlæta lögban. Þau séu eftirfarandi, í þýðingu sóknaraðila:

„Við höfum sýnt raunveruleg heimilisföng, nöfn fulltrúa og forystumanna, og kortlögð tengsl. Þessi félög eru raunverulega til og unnt er að raska þeim. Við vonum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig sé unnt að bregðast við með áhrifaríkum hætti.“

Sóknaraðili telji framangreind orð fela í sér „hvatningu eða ákall um aðgerðir gegn gyðingum“. Svo segi um framsetninguna að lesendum „er eftirlátið að ákveða sjálfir í hverju slíkar aðgerðir skuli felast“. Sóknaraðili sé nánar að viðurkenna að ekki sé verið að hvetja til ofbeldis. Virðist þannig vera byggt á því að lesendur geti metið það svo að rétt viðbrögð séu ofbeldi. Varnaraðili mótmælir þessari túlkun. Sömu túlkun mætti t.d. nota gegn ógrynni ummæla í ýmsum greinum og bókum, þ.m.t. í Biblíunni.

Þá sé með öllu þýðingarlaust að vísa til ofbeldisbrota síðustu ára, sem tengist umræddri vefsíðu ekki á nokkurn hátt, og til ætlaðra áhyggja gyðinga á Boston-svæðinu vegna vefsíðunnar. Á vefsíðunni sé gagnrýnin umfjöllun sem sé óþægileg fyrir marga og beinist ekki sérstaklega að gyðingum, nema síður sé. Til dæmis sé verið að fjalla um fjölmargar stofnanir og lögregluembætti sem tengist ekki gyðingum á nokkurn hátt. Gagnrýnin á þær sé hins vegar sú að þær hafi þegið kennslu og þjálfun frá sóknaraðila. Jafnframt hafi embættismenn farið í ferðir með upphaldi á kostnað sóknaraðila. Þá sé verið að gagnrýna m.a. menntastofnanir sem hafi látið sóknaraðila hafa áhrif á námskrá. Sóknaraðili sé ekki yfir slíka gagnrýni hafinn né heldur þeir sem hafi þegið slíkt eða samþykkt, þ.m.t. menntastofnanir og yfirvöld. Það að heimilisföng fyrirtækja eða stofnana séu tiltekin hafi hér enga þýðingu enda öllum aðgengilegar.

Þannig sé bæði rangt og óvarlegt að staðhæfa að umfjöllunin beinist að gyðingum og feli í sér gyðingahatur. Verði ekki annað séð en að sóknaraðili sé að notast við sömu aðferðafræði sem samtökin séu gagnrýnd fyrir að viðhafa á vefsíðunni.

Vegna fullyrðinga um að vefsíðan feli í sér gyðingahatur bendir varnaraðili á að sóknaraðili sé m.a. gagnrýndur á vefsíðunni fyrir að berjast gegn hagsmunum gyðinga. Útilokað sé að komast að þeirri niðurstöðu að þjónustuþegi sé að hvetja til ofbeldis eða stundi „hatursorðræðu“. Yrði slíkt niðurstaðan fæli það í sér gengisfellingu þess orðs. Áréttar varnaraðili að mikilvægt sé að horfa til þess í hvaða samhengi ummæli séu sett fram og til starfshátta sóknaraðila allt frá miðri síðustu öld.

Varnaraðili bendir jafnframt á að alþekkt sé að einstaklingar eða fyrirtæki séu hvött til viðbragða gagnvart hinum ýmsu aðilum. Til dæmis megi nefna Amnesty International sem beiti ítrekað þeim aðferðum að einstaklingar séu hvattir til aðgerða gegn tilteknum aðilum eða ríkjum. Stéttarfélag hafi hvatt félagsmenn til að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki og þau og staðsetning þeirra verið listuð upp. Þá hafi Ísraelsmenn verið beittir þrýstingi hér á landi með hvatningu um að ísraelskar vörur verði sniðgengnar og dýraverndarsamtök haldið úti herferð þar sem hvatt sé til að fyrirtæki sem stundi hvalveiðar verði sniðgengin. Slíkt feli ekki í sér hatursorðræðu.

Kjarni málsins sé sá að efni vefsíðunnar feli hvorki í sér hatursorðræðu né gyðingahatur enda hafi málstaður sóknaraðila hvergi fengið stuðning, þ.m.t. í Bandaríkjunum þar sem kröfur hafi verið settar fram.

Þá hafnar varnaraðili því að hæstaréttardómar sem sóknaraðili vísar til, kröfum sínum til stuðnings, hafi fordæmisgildi eða þýðingu í máli þessu en umrædd dómsmál hafi varðað dreifingu á höfundaréttarvörðu efni. Ekkert slíkt sé undir í máli þessu.

Varnaraðili bendir loks á að í greinargerð sóknaraðila sé byggt á því að umfjöllun á vefsíðunni feli í sér brot gegn friðhelgi einkalífs og brjóti gegn æru sóknaraðila og starfsmanna samtakanna, sbr. m.a. umfjöllun undir málsliðum 52–53 í greinargerð. Ekki hafi verið byggt á þessum málsástæðum í lögbannsbeiðninni, sem einskorðist við að tiltekin ummæli feli í sér hatursorðræðu. Komi umræddar málsástæður því ekki til skoðunar, auk þess sem þær eru þýðingarlausar. Hvað sem öðru líði feli engin ummæli á vefsíðunni í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs eða brjóti gegn æru sóknaraðila eða ónafngreindra starfsmanna sem ekki séu aðilar máls þessa. Þá byggir varnaraðili á því að sönn ummæli geti ekki falið í sér brot, auk þess sem tjáningarfrelsið veiti þjónustuþega rétt til ályktana af gögnum, en vefsíðan vísi undantekningarlaust í heimildir, þ.m.t. gögn sem lekið hafi út frá sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðili ekki vísað til þeirra ummæla sem eigi að hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs eða æru sóknaraðila eða starfsmanna sóknaraðila. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfu um lögbann. Ef málatilbúnaðurinn hefði byggt á þessum grundvelli í upphafi hefði eðli málsins samkvæmt átt að setja fram ummælin í lögbannskröfunni til sýslumanns og krefjast lögbanns gagnvart birtingu þeirra tilteknu ummæla. Þá er á því byggt að ekki verði leyst úr þessum málsástæðum í lögbannsmáli. Rétt hefði verið af hálfu sóknaraðila að höfða meiðyrðamál ef samtökin teldu í raun að vefsíðan fæli í sér ærumeiðandi ummæli en því sé með öllu hafnað.

Með vísan til alls framangreinds og forsendna sýslumanns í máli nr. 2023-260291 sé á því byggt að staðfesta beri niðurstöðu embættisins frá 26. apríl 2023 um að hafna beiðni um lögbann. Jafnframt er gerð krafa um að hafnað verði kröfu sóknaraðila um málskostnað úr hendi

varnaraðila, hver sem niðurstaða málsins verði. Varnaraðili telji hins vegar rétt að sóknaraðilum verði gert að greiða varnaraðila málskostnað. Krafa um málskostnað styðjist við ákvæði laga nr. 91/1991, sbr. lög nr. 31/1990 og nr. 90/1989. Að öðru leyti sé öllum málsástæðum og mála-tilbúnaði sóknaraðila mótmælt.

#### IV

##### *Niðurstaða*

Í máli þessu er deilt um það hvort skilyrði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. séu uppfyllt til að fallast megi á dómkröfur sóknaraðila um að lagt verði lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni og jafnframt við því að varnaraðili veiti aðgang að sömu vefsíðu og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birt.

Hvorki er um það deilt í málinu að sóknaraðili njóti aðildarhæfis, eins og óskráð félagasamtök hafa verið talin njóta í dómaframkvæmd hér á landi, né heldur að samtökin geti átt lögvarinna hagsmuna að gæta af lögbannskröfu sinni, enda er fjallað um samtökin og stjórnendur þeirra á umræddri vefsíðu.

Ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að synja lögbannsbeiðni sóknaraðila var samkvæmt efni sínu reist á ákvæðum 1. og 3. mgr. 24. laga nr. 31/1990. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar verður lögbann þó ekki lagt við athöfn ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggja þá nægilega, sbr. 1. tl. ákvæðisins, eða ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda, sbr. 2. tl. ákvæðisins. Eins og fram kemur í athugasemdum að baki þessari grein frumvarps til laganna er lögbann í eðli sínu neyðarráðstöfun sem ekki verður beitt í tilvikum þar sem almenn úrræði geta komið að haldi.

Uppfyllt er það skilyrði lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laganna að um byrjaða eða yfirvofandi athöfn sé að ræða enda liggur fyrir að varnaraðili hýsir umrædda vefsíðu sem er aðgengileg á umræddu léni. Víkur þá að því megin-skilyrði lögbanns að umrædd athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda.

Sóknaraðili byggir í meginráttum á því að efni umræddrar vefsíðu feli í sér hatursorðræðu, nánar tiltekið gyðingahatur, sem samtökin berjast gegn og geti talist refsiverð. Slík tjáning falli utan verndarsviðs tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og brjóti gegn réttindum sóknaraðila og annarra sem á henni eru nafngreindir eða efnið beinist gegn, þ. á m. friðhelgi þeirra til einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Við munnlegan málflutning mótmælti sóknaraðili því að varnaraðili geti borið fyrir sig málsástæður sem lúta að tjáningarfrelsi þess eða þeirra viðskiptamanna/þjónustuþega hans sem standa að umræddri vefsíðu, með þeim rökum að vernd 73. gr. stjórnarskrárinnar sé bundin þeim sem hafi uppi skoðun eða lýsi sannfæringu sinni, enda verði sá maður að ábyrgjast þær sjálfur fyrir dómi. Þessu mótmælti varnaraðili sem byggir á því að sú tjáning sem fram komi á vefsíðunni njóti verndar tjáningarfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans.

Fallast verður á að hvorki 73. gr. stjórnarskrárinnar né önnur lagarök standi því í vegi að varnaraðili tefli fram hvers kyns málsástæðum, þ. á m. málsástæðum sem varða tjáningarfrelsi viðskiptamanna hans.

Um skilgreiningu á hatursorðræðu vísar sóknaraðili til ýmissa skilgreininga á því hugtaki, þ. á m. í 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem hljóðar svo: „Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

Þessi skilgreining á hatursorðræðu í 233. gr. a og aðrar skilgreiningar sem sóknaraðili vísar til eiga það flestar eða allar sammerkt að tjáningin sem um ræðir þarf að beinast að einstaklingum eða hópi einstaklinga og þá vegna tiltekinna þátta sem einkenna þá, svo sem þjóðernis, kynþáttar eða annars. Þrátt fyrir að sóknaraðili byggi á öðrum þræði á því í málinu að um refsivert brot gegn þessu ákvæði almennra hegningarlaga sé að ræða verður ekki af gögnum málsins séð að samtökin hafi látið á slíkt reyna, með kæru og kröfu um opinbera rannsókn til þar til bærra yfirvalda, hvort heldur sem er hér á landi eða í sínu heimalandi.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að það séu þau ummæli sem hann hefur látið þýða, og rakin eru í kafla I um málsatvik hér að framan, sem hann telur fela í sér hatursorðræðu og skerða réttindi hans og annarra til friðhelgi einkalífs. Við munnlegan málflutning og í aðilaskýrslu fyrirvarsmanns sóknaraðila fyrir dómi var lögð áhersla á að með hinu gagnvirka korti á vefsíðunni væru birt tengsl samtakanna og annarra stofnana, félaga og samtaka. Þar væru birt

heimilisföng sóknaraðila og fleiri stofnana og samtaka, auk þess sem birt væru nöfn stjórnarmanna sóknaraðila. Þá séu lesendur vefsíðunnar hvattir til að grípa til aðgerða með því að bent sé á að hægt sé að uppræta (e. dismantle) þessi samtök, félög og stofnanir og raska (e. disrupt) starfsemi þeirra, enda séu heimilisföng þeirra þekkt og birt á heimasíðunni. Skoða verði þessa tjáningu í því samhengi sem hún sé sett fram í, en vefsíðan sé full af röngum og fordómafullum staðhæfingum um starfsemi sóknaraðila. Þegar litið er til alls þessa telji sóknaraðili að í besta falli megi líta á efni vefsíðunnar sem ógnun en í versta falli sem hvatningu til ofbeldisverka, þannig að þeir sem þar eru tilgreindir séu gerðir að beinum skotmörkum þeirra aðgerða sem hvatt er til á vefsíðunni. Kvaðst fyrirvarismaður sóknaraðila óttast að ofstækismenn gætu tekið þessi orð til sín sem hvatningu til voðaverka.

Samkvæmt því sem fram kom við munnlegan málflutning virðist ekki um það deilt í málinu að hægt sé að sjá heimilisföng ýmissa lögaðila, þ. á m. heimilisfang aðalstöðva sóknaraðila, með því að smella á nöfn þeirra á hinu gagnvirka korti, enda þótt ekki verði séð að sóknaraðili hafi lagt fram í málinu útprentanir af vefsíðunni sem sýna beinlínis birtingar heimilisfanga. Aftur á móti verður ekki séð að gögn málsins styðji þá fullyrðingu í greinargerð sóknaraðila að á vefsíðunni séu birt heimilisföng einstaklinga. Meðal annars kom fram í aðilaskýrslu fyrirvarsmanns sóknaraðila heimilisfang hennar væri ekki birt á vefsíðunni. Telst það því ósannað.

Í dómaframkvæmd héraðsdómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu hefur við mat á ummælum í málum sem tengjast skörun tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs verið litið svo á að virða beri umdeild ummæli eins og þau koma fyrir og í því heildarsamhengi sem þau standa. Ljóst er að orðin „dismantle“ og „disrupt“, í þeim texta sem sóknaraðili leggur megináherslu á, eða „uppræta“ og „raska“ eins og þau hafa verið þýdd, beinast að sóknaraðila og öðrum félögum, samtökum eða stofnunum, en ekki að einstaklingum eða hópi þeirra og ekki vegna einkenna þeirra, sem talin eru í slíkum skilgreiningum, heldur vegna starfsemi þeirra. Þótt efni vefsíðunnar, eins og það liggur fyrir í málinu, feli óumdeilanlega í sér hvassa gagnrýni á starfsemi sóknaraðila, eins og fjölda annarra, þá er sú gagnrýni studd rökum og gögnum, hvað sem líður mati á réttmæti hennar og sanngirni. Þá liggur fyrir og telst óumdeilt að nöfn stjórnarmanna sóknaraðila og heimilisfang samtakanna eru birt á heimasíðu sóknaraðila sjálfs. Að því leyti sem málið kann að snúast um birtingu á nöfnum fleiri einstaklinga sem starfa fyrir sóknaraðila á vefsíðunni er málið ekki nægilega reifað af hálfu sóknaraðila, þ. á m. varðandi umboð hans til að bera fyrir sig lögvarða hagsmuni þess fólks.

Að öllu framanrituðu og efni vefsíðunnar heildstætt virtu verður ekki á það fallist að í þeirri tjáningu sem sóknaraðili vísar til sé fólgin hatursorðræða, í skilningi 233. gr. a eða

samkvæmt öðrum þeim skilgreiningum sem sóknaraðili vísar til, sem falli utan verndarsviðs 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Er þeirri meginmálsástæðu sóknaraðila því hafnað.

Yrði fallist á kröfu sóknaraðila um lögbann fæli það í sér takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra óþekktu aðila sem standa að vefsíðunni, sem varnaraðili getur eins og áður sagði borið fyrir sig. Að því marki sem í málatilbúnaði sóknaraðila kann að felast málsástæða um að friðhelgi einkalífs samtakanna eigi að vega þyngra en það tjáningarfrelsi við árekstur þeirra réttinda, þrátt fyrir að ekki sé hér fallist á að um hatursorðræðu sé að ræða, er sú málsástæða alls ekki nægilega reifuð m.t.t. þeirra sjónarmiða sem litið hefur verið til í dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu og héraðsdómstóla. Sóknaraðili hefur í fyrsta lagi ekki leitast við að rökstyðja að samtök eins og hann geti yfirhöfuð notið friðhelgi einkalífs af því tagi sem um ræðir, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá hefur ekki hefur verið rökstutt nægjanlega á hvaða grundvelli samtökin telji sig geta borið fyrir sig að vegið sé að einkalífi annarra en þeirra sjálfra, sem hugsanlega virðist byggt á af þeirra hálfu. Loks verður að benda á að sóknaraðili er stór, rótgróin og fjársterk samtök sem þurfa, eins og starfsemi þeirra og tilgangi er háttáð, að þola gagnrýna umfjöllun, jafnvel harkalega og ómálefnalega. Þegar um er að ræða mikilsverð málefni sem eiga erindi til almennings, eins og hér á við, verður tjáningarfrelsið einnig síður skert en ella. Verður þessari hugsanlegu málsástæðu sóknaraðila því einnig hafnað.

Af hálfu sóknaraðila hefur heldur ekki verið vísað til annarra lagaákvæða en að framan greinir sem réttlætt gætu þá takmörkun á tjáningarfrelsi sem farið er fram á með lögbannsbeiðni sóknaraðila. Er sú málsástæða sóknaraðila að efni vefsíðunnar vegi að æru samtakanna, sem ekki var byggt sérstaklega á í lögbannsbeiðni, verulega vanreifuð og engum lagarökum studd. Verður henni því ekki sinnt frekar.

Samkvæmt öllu framanrituðu hefur sóknaraðili hvorki sýnt fram á né gert nægilega sennilegt að uppfyllt sé það skilyrði lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 að sú athöfn sem felst í hýsingu varnaraðila á umræddri vefsíðu, og þar með veitingu aðgangs að henni, brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum réttindum hans. Þess utan hefur sóknaraðili lítt leitast við að sýna fram á hvaða réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að leita dóms um þau eftir hefðbundnum leiðum, en ekki dugar í því efni að vísa til hættu á hugsanlegum árásum ofstækismanna, sem kynnu að eiga sér margþættar skýringar.

Þegar af framangreindum ástæðum eru ekki uppfyllt lagaskilyrði til þess að verða við kröfu sóknaraðila um að ógilt verði ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að hafna lögbannsbeiðni hans. Verður því að hafna þeirri kröfu, sem og öðrum dómkröfum hans í málinu sem allar leiða beint af þeirri kröfu. Gerist þá hvorki þörf á að taka afstöðu til annarra röksemda

sem ákvörðun sýslumanns var reist á, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, né til annarra málsástæðna aðila, þ. á m. varðandi afmörkun og umfang dómkrafna sóknaraðila.

Samkvæmt úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 og 1. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í úrskurðarorði greinir.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Hafnað er öllum dómkröfum sóknaraðila, Anti Defamation-League, í máli þessu.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, 1984 ehf., 1.300.000 krónur í málskostnað.

Hildur Briem